

## Mál nr. 1/2010

### Knattspyrnudeild Keflavíkur gegn Knattspyrnudeild Njarðvíkur

#### Kæra Keflavíkur

#### Dómkröfur

Knattspyrnudeild Keflavíkur fer fram á að vera dæmdur 0-3 sigur í eldri flokk karla, á milli Njarðvíkur og Keflavíkur, sem fram fór í Reykjaneshöll fimmtudaginn 10. júní 2010 og lyktaði 7-4.

#### Málavextir

Í leik, sem háður var í Reykjaneshöll 10.06.2010, milli Njarðvíkur og Keflavíkur í eldri flokk karla (30+), notaði Njarðvík leikmann sem er félagsbundinn hjá Þrótti Vogum.

#### Tilvísun

40. gr. Reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, greinir á um að lið sem mætir til keppni, hafi ekki leyfi til þess að notfæra sér leikmann sem ekki er lögmætur með því félagi sem hann skal leika fyrir. Knattspyrnudeild Keflavíkur fer því fram á að Keflavík verði dæmdur sigur 0-3.

#### Röksemdir

Njarðvík notfærði sér ólöglegan leikmann í umræddum leik. Samkvæmt knattspyrnulögum KSÍ hefur félagið því brotið lög þessi. Knattspyrnudeild Keflavíkur fer fram á að Njarðvík verði dæmdur brotlegt og því dæmdur ósigur 0-3, Keflavík í hag. Keflavík vill áréttta að þegar leikið er í Íslandsmóti eldri flokks þá skal mæta með löglega skipað lið til leiks eins og tíðkast í öðrum flokkum. Er það von okkar að liðin sem taka þátt í þessu móti bera virðingu fyrir mótinu með því að fara eftir reglugerðum. Höfum háttvísi í fyrirrúmi.

#### Sönnungargögn

Í meðfylgjandi leikskýrslu er Sigurður Karlsson skráður í Þrótt Vogum. (sjá einnig skýrslu á ksi.is)

#### Vitni

Það voru fáir áhorfendur á leiknum og engir nema leikmenn liðanna á staðnum sem geta staðfest umræddan leikmann. Vísað er því að leikmenn liðanna ástam dómara sem vitni.

Virðingarfyllst,  
f.h. eldri flokks Keflavíkur  
Gunnar Magnús Jónsson

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

### Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2010, mánudaginn 19. júlí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/2010:  
Knattspyrnudeild Keflavíkur, kt. 541094-3269  
gegn  
Knattspyrnudeild Njarðvíkur, kt. 710192-2359

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR:

### I.

Kærandi:  
Knattspyrnudeild Keflavíkur  
Skólavegi 32, Reykjanesbæ  
S:421-5188  
Fyrirsvarsmaður: Gunnar Magnús Jónsson

Kærði:  
Knattspyrnudeild Njarðvíkur  
Hlíðarvegi 88, Reykjanesbæ  
S:421-1160  
Fyrirsvarsmaður: Bjarni Sæmundsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 18. júní sl. Var kærða gefinn frestur í 3 sólarhringa til að skila greinargerð. Engin greinargerð barst frá kærða vegna málsins.

### Kröfur:

Knattspyrnudeild Keflavíkur (hér eftir „Keflavík“) krefst þess að úrslitum í leik Keflavíkur og Njarðvíkur í eldri flokki karla, sem fram fór í Reykjaneshöll fimmtudaginn 10. júní 2010, verði breytt og Keflavík verði dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna.

### II.

#### Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik í leik Keflavíkur og Njarðvíkur í eldri flokki karla þann 10. júní sl., hafi einn leikmaður Njarðvíkur, Sigurður Karlsson, verið ólöglegur þar sem hann hafi verið skráður í lið Þróttar Vogum.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til gr. 40 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er kveður á um að lið sem mætir ólöglega skipað til leiks teljist hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3.

### III.

#### Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Keflavík þann 10. júní 2010 í Íslandsmóti í eldri flokki karla, 30 ára og eldri.

Fyrir liggur í gögnum málsins að leikmaður Njarðvíkur í umræddum knattspyrnuleik þann 10. júní 2010 var skráður leikmaður annars liðs þegar hann spilaði með liði Njarðvíkur. Með því telst hið kærða félag hafa verið ólöglega skipað og þar með brotið gegn ákvæðum 40. grein í reglugerð KSÍ, um knattspyrnumót.

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila á þann veg að kæranda, Keflavík, er dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna þann 10. júní 2010 á Íslandsmóti í eldri flokki karla, eldri en 30 ára.

Skylt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kæra til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000 í sekt til KSÍ.

#### IV.

##### Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Keflavíkur og Njarðvíkur í leik liðanna þann 10. júní 2010 á Íslandsmóti í eldri flokki karla, eldri en 30 ára er breytt og Keflavík dæmdur 0-3 sigur í leiknum. Kærði, Knattspyrnudeild Njarðvíkur, greiði kr. 5.000 í sekt til KSÍ.

#### V.

##### Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson

Þröstur Ríkharðsson

Helgi R. Magnússon